

# FUNDARGERÐ

**Fundur: Raforkuhópur 2000-07**

**Fundartími: Þriðjudagur 7. nóvember 2000 kl. 13:30**

**Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9**

**Fundarefni:**

1. Gögn um afl.
  2. Endurreikningur raforkuspár.
  3. Raforkunotkun á fyrstu 9 mánuðum ársins.
  4. Húshitunarspá.
  5. Verkefni ársins 2001 og fyrirkomulag vinnu.
  6. Önnur mál.
- 

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ólafur Pálsson  
Rán Jónsdóttir  
Guðmundur Valsson  
Jón Gestur Hermannsson

Orkuveita Reykjavíkur:

Jón Óskarsson

Jón Vilhjálmsson

1. JV fór yfir töflur um afl í raforkukerfinu árið 1999. Hann sagðist hafa fengið leiðréttingar frá Landsvirkjun en flutningstöpin á mesta álagstíma væru samt ennþá óbreytt og fremur há. Hann sagðist hafa rekist á ósamræmi varðandi Nesjavelli þar sem í sumum tilvikum er mikill munur á vinnslu og sölu í Korpu. Hann taldi það vera vegna þess að tölurnar frá Nesjavöllum væru augnabliksgildi í lok klukkutíma en ekki meðalafli klukkustundar. JGH benti á að eigin vinnslu Rafveitu Hafnarfjarðar vantaði þegar toppur kom hjá þeim. JV sagði að það væru mistök og hún ætti að vera 1.915 kW og ætlar hann að laga það.
2. JV sagði að skýrsla um endurreikning raforkuspár væri komin út á netið á PDF formi og dreifði hann eintaki af skýrslunni ekki höfðu prentað hana af netinu. JV fór yfir skýrsluna og var bent á fáeinar orðalagsbreytingar. Fundarmenn ætla að benda mönnum á að skoða skýrsluna á netinu.
3. JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins.. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 7,2% á fyrstu 9 mánuðum ársins. Flutningstöpin hafa minnkað um 19,2% og eigin notkun Landsvirkjunar aukist um 48,4%. Allt bendir til þess að villa sé í gögnum Landsvirkjunar varðandi eigin notkun og töp í júní til september þar sem um 4-5 GWh virðast hafa færst frá töpum yfir í eigin notkun í hverjum mánuði. Einnig vex eigin notkunin þetta mikið vegna þess að mæling hafði fallið niður á notkun í Kröflu á fyrsta ársfjórðungi 1999. Stórnotkun vex um 9,5% og almenn notkun með eigin notkun Landsvirkjunar vex um 5,9% en um 5,0% án hennar. Aukningin er mikil í ótryggðu orkunni eða 15,4% en 4,7% í forgangsorkunni (með eigin notkun LV). JV dreifði þá töflum um notkunina leiðrétt út frá lofthita en 3. ársfjórðungur var heldur hlýrri á þessu ári en árið 1999 eða 10,3°C í stað 10,2°C. Einnig kemur til leiðrétting vegna hlaupárs. Leiðrétt notkun forgangsorku eykst um 4,6% á fyrstu níu mánuðunum. Hann afhenti fulltrúum veitnanna samantekt á þróuninni hjá þeim á fyrstu níu mánuðum ársins og kemur þar fram mikil aukning forgangsorku hjá Hitaveitu Suðurnesja (9,7%), Rafveitu Hafnarfjarðar (8,2%) og Orkuveitu Reykjavíkur (7,6%). Ein skýring á mikilli aukningu hjá Hitaveitu Suðurnesja er mikil aukning í sölu á ótryggðri orku (74%), en dreifitöpin af þeirri notkun eru talin með forgangsorkunni, en önnur ástæða gæti verið aukin raforkuvinnsla í Svartsengi og samhliða því aukin eigin notkun. Aukning er einnig hjá Rafveitu Akureyrar (4,5%) og Rafmagnsveitum ríkisins (0,1%) en minnkun hjá Orkubúi Vestfjarða (-1,5%). Heldur hefur dregið úr aukningunni eftir því sem liðið hefur á árið en hún er þó ennþá mikil.

4. JV sagðist hafa fengið gögn frá Þorgils á Orkustofnun um nýtingu jarðvarma í dreifbýlinu og sagðist mundu vinna betur út úr þeim gögnum í samvinnu við hann.
5. JV dreifði áætlun um verkefni næsta árs. Hann lagði til að heildartímafjöldi yrði óbreyttur en það bætist við verkefni um áhrif breytts skipulags á starfsemi hópsins og undirbúning fyrir næstu raforkuspá. Hann sagði að fimm ár hefði liðið á milli endurskoðunar á raforkuspá og samkvæmt því ætti næsta spá að koma út á árinu 2002. Því væri rétt að fara að huga að endurskoðun á næsta ári. Hann spurði einnig hvort menn hefði einhverjar nýjar hugmyndir en starfið væri búið að vera með nánast óbreyttu sniði nokkuð lengi og gott væri að fá nýjar hugmyndir. Fundarmenn ætla að skoða áætlunina fram að næsta fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:00. Næsti fundur verður 5. desember.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

"Raforkuspá 2000-2025. Endurreikningur á spá frá 1997 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum". (JV)

Raforkunotkun 2000, fyrstu níu mánuðir ársins. (JV)

Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, fyrstu níu mánuðir ársins. (JV)

"Vinna Verkfræðistofunnar AFLs fyrir

raforkuhóp orkuspárnefndar á árinu 2001".  
(JV)